

KNAT3KE02

Búið til: Wed, 05 Aug 2015 16:23:29 GMT

Titill

Knattspyrnuakademía 05

Skammstöfun

KNAT3KE02

Útgáfunúmer

15

Námsgrein

knattspyrna

Viðfangsefni

Knattspyrnuakademía 05

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Viðfangsefni áfangans er knattspyrna og eru kennslutímarnir að mestu verklegir. Lesefni, myndbönd o.fl. tengt viðfangsefninu verður sett á moodle og nemendur vinna fjölbreytt verkefni (einstaklings, hópa, umræðuþræðir o.fl.). Í áfanganum verður farið í a.m.k. eina æfinga- og/eða keppnisferð til Akureyrar. Í áfanganum verður lögð sérstök áhersla á eftirfarandi leikfræðileg atriði, þ.e. breidd og dýpt í sóknarleiknum en þéttleiki í varnarleiknum.

Forkröfur

ÍþRF2þJ05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi góðrar og vel uppsettrar upphitunar sem hluti af æfingu
- reglum knattspyrnunnar
- hvað hugtökin breidd, dýpt og þéttleiki eru og mikilvægi þeirra í sóknar- og varnarleik í knattspyrnu
- nýtingu spils í fámennum liðum til að þjálfra breidd og dýpt í sóknarleik og þéttleika í varnarleik
- færslum leikmanna til að auka og nýta breiddina og dýptina í sóknarleiknum annars vegar og hins vegar ná þéttleika í varnarleiknum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma góða og skipulagði upphitun til undirbúnings fyrir æfingu og keppni
- útfæra og framkvæma leikfræðileg atriði með mismunandi erfiðleikastigi æfinga, þ.e. frá einföldum til flókinna æfinga
- meta knattspyrnureglurnar við að horfa á kappleiki og dæma hjá samnemendum
- skilja hugtökin breidd, dýpt og þéttleiki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bæta sig sem knattspyrnumaður
- meta og velja réttar æfingar til að þjálfra ákveðin tækni- og leikfræðileg atriði
- meta og velja spilaform í fámennum liðum til að þjálfra mismunandi tækni- og leikfræðileg atriði

- geta útskýrt og leiðbeint hvernig hægt er að ná breidd og dýpt í sóknarleik og þéttleika í varnarleik með færslum á leikmönnum
- geta tekið þátt í umræðum um viðfangsefnin á faglegan og uppbyggilegan hátt

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar. Nemendur þurfa að uppfylla skilyrði um mætingu og virkni í tímum. Áfanginn er metinn út frá verkefnaskilum, mætingu, virkni, færni og áhuga.

Skólar

Fyrirmynd